

**SAMNINGUR
HIRÐA ÚRGANGS VIÐ HEIMILI**

DRÖG

I. kafli Aðilar og gildissvið

1. gr. Samningsaðilar

[Nafn kaupanda], kt. XXXXXX-XXXX, í samningi þessum nefndur kaupandi og

[Nafn þjónustuaðila], kt. XXXXXX-XXXX, hér eftir nefndur þjónustuaðili.

Einnig er vísað til framangreindra sem samningsaðila eða aðila og skal hvor um sig vera samningsaðili eða aðili.

2. gr. Gildissvið

Samningur þessi tekur til söfnunar og meðhöndlunar á heimilisúrgangi samkvæmt tæknilýsingu útboðs nr. [númer útboðs].

3. gr. Samningsgögn

Til samnings aðila telst samningur þessi ásamt fylgigögnum sem eru listuð hér fyrir neðan sem öll teljast órjúfanlegur hluti samningsins. Sé ósamræmi milli samningsins og fylgigagna skulu ákvæði samningsins ganga framur fylgiskjölum og öðrum gögnum sem varða verkefnið. Efni samningsins skal skýra þannig að samræmist ýtrustu kröfur útboðsgagna.

Verkefnið skal vinna í samræmi við efni samningsins og eftirtalinna fylgiskjala og gagna:

- I Samningur þessi.
- II Útboðsgögn, merkt [Nafn útboðs], ásamt viðaukum.
- III Tilboð, dagsett [dagsetning]
- IV Fyrirspurnir, svör og breytingar á tilboðstíma.
- V Tilkynning um töku tilboðs.

Um samning þennan gilda íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim. Stangist ákvæði samnings þessa á við lög, vikur textinn fyrir ákvæðum laganna.

4. gr Samningsfjárhæð

Fyrir þjónustuna greiðir kaupandi einingaverði samkvæmt tilboð þjónustuaðila.

5. gr. Samningstími

Samningur þessi öðlast gildi [dagsetning] og skal hann gilda til [dagsetning].

Heimilt er að framlengja samninginn [fjöldi skipta] sinnum um [fjöldi ára] ár í senn, þannig að samningstími verði samtals [fjöldi ára] ár.

Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með [fjöldi mánaða] mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi [fjöldi mánaða] mánuðum eftir undirritun samningsins.

6. gr.
Vanefndir

Þjónustuaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna og samnings þessa. Efni hann þær ekki, er [\[Nafn kaupanda\]](#), heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum löglegum vanefndaúrræðum.

7. gr.
Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur á milli aðila út af samningi þessum skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi [\[Nafn héraðsdóms\]](#).

8. gr.
Undirritun

Öllu framangreindu til staðfestingar er samningur þessi undirritaður rafrænt af hálfu þess aðila sem heimild hefur til að skuldbinda lögaðila. Rafræn undirskrift samningsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

DRÖG